	Starfsemi Háskólabíós STARFSREGLUR	Bls. 1 af 3 Ábm. Skrifstofa rektors. Samp. í háskólaráði 4. maí 2023. Málsnúmer: HI23050117
---	---	--

Almennt

Sáttmálasjóður Háskóla Íslands var stofnaður samkvæmt 14. gr. dansk-íslenskra sambandslaga árið 1918. Eitt verkefni sjóðsins var að styðja íslenska vísindastarfsemi meðal annars með því að veita styrki til utanfarar háskólakennara í vísindalegu augnamiði. Þá var sjóðnum ætlað að styrkja íslenska námsmenn.

Sjóðurinn var upphaflega fjármagnaður með fjárframlagi frá ríkissjóði Danmerkur. Sáttmálasjóðurinn byggði síðar fasteign við Hagatorg sem í daglegu tali er nefnd Háskólabíó, fastanúmer 202-8404 ásamt 202-8398, 202-8399 og 202-8400, (hér eftir *fasteignin*). Starfsemi í fasteigninni hefur í áratugi verið rekin í þágu Sáttmálasjóðs undir nafninu Háskólabíó og haft kennitöluna 600169-1309. Íslenska ríkið fyrir hönd Háskóla Íslands keypti fasteignina árið 2013 af Sáttmálasjóði. Starfsemin var þó áfram rekin af sjóðnum. Rekstrinum hefur verið haldið aðskildum frá starfsemi Háskóla Íslands og gerður hefur verið sérstakur ársreikningur fyrir hvert ár.

Fasteignin er ein af þeim byggingum Háskólans sem teljast nú til Fasteigna Háskóla Íslands ehf. Í framhaldi af breyttu utanumhaldi fasteigna Háskóla Íslands kom rekstur Háskólabíós til skoðunar.

Fasteignin hefur verið nýtt til kennslu og hentar vel til ráðstefnuhalds og hefur verið vettvangur stórra ráðstefna. Samkvæmt lögum er eitt af hlutverkum háskóla að stuðla að sköpun og miðlun þekkingar og færni til nemenda og samfélagsins alls. Háskóli er miðstöð þekkingar og hluti af alþjóðlegu mennta- og vísindasamfélagi.

Rekstur Háskólabíós getur styrkt tengsl Íslands við alþjóðlegt mennta- og vísindasamfélag. Skipulagðar ráðstefnur í fasteigninni ættu að auka komu erlendra fræðimanna til landsins og stuðla þar með að miðlun þekkingar. Ef ágóði yrði af starfsemi Háskólabíós væri honum síðan ráðstafað samkvæmt reglum Sáttmálasjóðs og háskólakennarar styrktir til utanfarar.


Háskólaráð stjórnar Sáttmálasjóði og hefur ákveðið að setja starfsreglur um starfsemi Háskólabíós.

Starfsreglur

1. gr.

Sáttmálasjóður Háskóla Íslands starfar á grundvelli auglýsingar nr. 11/1919. Háskólaráð stjórnar sjóðnum. Meðal verkefna Sáttmálasjóðs Háskóla Íslands er að styðja íslenska vísindastarfsemi.

Sáttmálasjóðurinn hefur í áratugi rekið fyrirtækið Háskólabíó, kt. 600169-1309. Tilgangur Háskólabíós er að reka starfsemi í fasteign við Hagatorg í Reykjavík þannig að hún standi

	Starfsemi Háskólabíós STARFSREGLUR	Bls. 2 af 3 Ábm. Skrifstofa rektors. Samp. í háskólaráði 4. maí 2023. Málsnúmer: HI23050117
---	---	--

undir sér og skili afgangi fyrir Sáttmálasjóð. Háskólabíó er heimilt að taka fasteignina á leigu í þessum tilgangi.

Háskólabíó skal beita sér eftir þörfum fyrir hagkvæmri nýtingu fasteignarinnar og nýbreytni í starfsemi.

2. gr.

Háskólaráð skipar stjórn Háskólabíós. Stjórnin er skipuð þrem mönnum til þriggja ára í senn. Rektor tilnefnir fulltrúa í stjórn og tilgreinir hver úr þeirra hópi skuli gegna formannsstörfum. Tilnefna skal og skipa jafnmarga stjórnarmenn til vara. Rektor hlutast til um skipun stjórnar.

Hvorki fulltrúar í háskólaráði né rektor Háskóla Íslands mega sitja í stjórn Háskólabíós. Stjórnin kys sér varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Stjórnin ræður framkvæmdarstjóra fyrirtækisins að höfðu samráði við rektor.

3. gr.

Háskólaráð ráðstafar tekjum Sáttmálasjóðsins en Háskólabíó skal hafa sérreikning í bókhaldi og skila sérstökum ársreikningi. Stjórnin skal annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna Háskólabíós. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, sem stjórnin ræður.

Yfirlit yfir rekstur skal lagt fram fyrir kynningarfund með háskólaráði sem haldinn skal á haustmisseri.

4. gr.

Formaður boðar til fundar í stjórn Háskólabíós með a.m.k þriggja daga fyrirvara. Sérhver stjórnarmanna getur krafist fundar í stjórn. Fundir stjórnar eru löglegir ef tveir stjórnarmanna sitja fund. Falli atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns. Tveir stjórnarmenn geta skotið ágreiningsefni til úrskurðar háskólaráðs.


5. gr.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur Háskólabíós og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórnin gefur. Daglegur rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá stjórninni nema ekki sé unnt að bíða ákvörðunar hennar án verulegs óhagræðis fyrir starfsmenn Háskólabíós. Í slíkum tilvikum skal stjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina. Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald sé fært í samræmi við lög og venjur og að meðferð eigna Háskólabíós sé með tryggilegum hætti.

6. gr.

Starfs- og rekstrarár stjórnar skal vera almanaksárið.

Háskólabíó skal gefa út gjaldskrá og skilmála fyrir útleigu til ráðstefna og viðburða.

	<p>Starfsemi Háskólabíós</p> <p>STARFSREGLUR</p>	<p>Bls. 3 af 3 Ábm. Skrifstofa rektors. Samþ. í háskólaráði 4. maí 2023. Málsnúmer: HI23050117</p>
---	--	--

7. gr.

Starfsreglur þessar eru settar af háskólaráði með vísun til 3. gr. stofnskrár fyrir Sáttmálasjóð Háskóla Íslands og öðlast þegar gildi.

Þannig samþykkt í háskólaráði 4. maí 2023.